



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

## KRAFLA

### Um endurvinnslu borhola

Ásgírmur Guðmundsson  
Benedikt Steingrímsson

Unnið fyrir Landsvirkjun

OS-89050/JHD-23 B

Nóvember 1989

Magnús Ól.



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

Verknr. 612661

## KRAFLA

### Um endurvinnslu borhola

Ásgírmur Guðmundsson  
Benedikt Steingrímsson

Unnið fyrir Landsvirkjun

OS-89050/JHD-23 B      Nóvember 1989

## EFNISYFIRLIT

|                                    |    |
|------------------------------------|----|
| 1. INNGANGUR                       | 3  |
| 2. FORSAGA                         | 3  |
| 3. NÝTING ELDRI HOLÁ OG MANNVIRKJA | 5  |
| 4. ENDURVINNSLUAÐFERÐIR            | 12 |
| 5. MASSATAKA ÚR VINNSLUSVÆÐUNUM    | 13 |
| 6. LOKAORÐ                         | 13 |
| HEIMILDIR                          | 14 |

## MYNDASKRÁ

|  |    |
|--|----|
| 1. Leirbotnar - frávik holu á 1000 m dýpi miðað við holutopp | 15 |
| 2. Leirbotnar - frávik holubotns miðað við holutopp          | 16 |
| 3. Afstaða holu KJ-6 til Leirbotnasprungunnar                | 17 |
| 4. Afstaða holu KJ-7 til Hveragilssprungunnar                | 18 |
| 5. Stefna holu KJ-9  | 19 |
| 6. Halli holu KG-10  | 20 |
| 7. Afstaða holu KJ-11 til Leirbotnasprungunnar               | 21 |
| 8. Fjarlægð holu KG-12 frá lóðréttu                          | 22 |
| 9. Afstaða hola KJ-13 og KJ-13b til Hveragils                | 23 |
| 10. Möguleg fjarlægð KJ-15 frá Hveragili                     | 24 |
| 11. Fóðringar í holu KJ-3A                                   | 25 |

## TÖFLUSKRÁ

|                               |    |
|-------------------------------|----|
| 1. Borholur í Kröflu          | 6  |
| 2. Hallamælingar í holu KG-12 | 9  |
| 3. Hallamælingar í holu KJ-15 | 10 |

## 1. INNGANGUR

Á síðastliðnu ári setti Orkustofnun fram tillögur um hvernig haga mætti gufuöflun í Kröfli á næstu árum (Ásgrímur Guðmundsson 1988). Þar kom fram hvar vänlegast væri að staðsetja borholur, en einnig var lítilega farið inn á hvernig endurnýta mætti eldri borholur og mannvirki tengd þeim.

Við gufuöflun fyrir Kröfluvirkjun hefur þurft að leggja út í kostnaðarsamar framkvæmdir. Þar má helst nefna: vegagerð, borplón, borholukjallara og höggborsholur auk borholanna sjálfrá. Þess utan eru guflagnir og mannvirki tengd þeim. Hluti þessarar vinnu fór fyrir lítið vegna jarðhræringa og eldsumbrota á Leirhnjúks - Kröflusvæðinu. Engar skemmdir urðu á yfirborðsmannvirkjum, en margar borholur skemmdirust. Þar var um að ræða skemmdir á fóðringum vegna sprunguhreyfinga og tærandi vökva, svo og óbeinar skemmdir vegna útfellinga. Ekki voru allar skemmdir á borholum tengdar jarðhræringunum heldur var hluti þeirra vegna lélegra steypinga á fóðringum.

Nú, um fjórtán árum eftir að umbrotin hófust og fimm árum eftir síðustu umbrotahrinu, hefur verulega hækst um á svæðinu. Því vaknar sú spurning hvort ekki megi endurnýta einhvern hluta þeirra mannvirkja, sem voru afskrifuð að nokkru eða öllu leyti. Þar má telja borplón og vegi, sem eru dýr mannvirki og í mörgum tilfellum hafa verið lagðar gufuleiðslur að borholum, sem eru vannýttar. Ennfremur eru þjár höggborsholur með steyptum kjallara og borplönum til reiðu ef þær liggja nægjanlega vel við gufuöflun.

Þessu til viðbótar fellur til öll sú þekking og reynsla sem var aflað á umbrotatímunum. Í mörgum tilfellum hafa þessar holur verið gjöfular í stuttan tíma og dalað vegna áhrifa umbotanna. Ef gengið er út frá því að áhrif umbotanna séu að mestu liðin hjá, má leggja fram haldgóð rök fyrir því að afla megi gufu með endurvinnslu hola eða borun nýrra hola við hlið þeirra eldri.

Hugmyndir um endurvinnslu Kröfluhola eru ekki nýjar af nálinni, enda eru allmargar borholur í Kröfli sem ekki nýtast virkjunnini. Hingað til hefur umræðan einkum snúist um þær borholur, sem liggja hvað best við endurvinnslu. Full þörf er að gera ítarlega úttekt á hvaða möguleikar eru almennt fyrir hendi varðandi endurvinnslu borhola, höggborshola og núverandi borplana í tengslum við vinnslu á næstu árum.

Hér á eftir verður fjallað um þessa möguleika. Litið verður fyrst á hverja borholu fyrir sig og aðliggjandi mannvirki með endurvinnslu í huga. Í annan stað verður litið á vinnslusvæðin og skoðað hvort skynsamlegt sé að auka vinnslu úr þeim.

## 2. FORSAGA

Við boranir í Kröfli fram til ársins 1978 var farið nokkuð geyst niður í jörðina. Holur voru staðsettar á yfirborði að undangengnum rannsóknunum og var ætlað að fara rakleiðis niður frá holutoppi. Eftir borvertíðina miklu árið 1976 var búið að bora 11 holur í Kröfli. Þá um veturinn vöknudu grunsemdir um að ekki væri allt með felldu um stefnu þeirra. Í því sambandi var tekið til þess ráðs að hallamæla holur KJ-7 og KJ-9 sumarið 1977. Notaður var mælir frá Orkustofnun, sem var kvarðarður upp í  $10^{\circ}$  halla. Í báðum tilfellum var komið yfir hámark mælisviðsins á rúmlega 400 m dýpi. Járnfóðringar útilokuðu stefnumælingar, þar sem mælirinn skynjar stefnu með áttavita, og var ekki annar mælir tiltækur í landinu.

Að fengnum þessum upplýsingum var mikil óvissa um það hvernig holurnar liggja í landi og þá sérstaklega þær sem halla mikið. Myndir 1 og 2 eru af Leirbotnasvæðinu og sýna mesta mögulega frávik hola KJ-7, KJ-9, KG-10 og KJ-11 frá lóðréttu út frá hallamælingum, annars

vegar á 1000 m dýpi og hins vegar miðað við holubotn hverrar holu. Þar kemur nokkuð afgerandi í ljós sú óvissa um hvaða svæði hefur verið kannað ef aðeins halli holanna er þekktur en ekki stefnan. Vegna þessa mikla halla, sem fram kom í mælingunum 1977, kom fram sú skoðun að leggja þyrfti frekari áherslu á að fylgjast með hallabreytingum meðan á borun stendur og gera viðeigandi ráðstafanir með fyrilliggjandi tækjabúnaði og bortækni til að koma í veg fyrir að hola skekkist. Frá og með holu KG-12 hefur verið fastur liður að fylgjast með halla borhola frá lóðréttu samhliða borun. Eftir sem áður var stefna hola óþekkt þrátt fyrir að hallinn væri mældur.

Í tengslum við borun fyrstu skáholunnar hér á landi með ská- og stefnuborunarútbúnaið, í Kröflu sumarið 1982, var notað tækifærið og mældur halli og stefna holu KJ-9. Fram að því var það viðtekin skoðun manna á meðal, að holunni hallaði til austurs inn undir Hveragilið. Niðurstöður halla- og stefnumælinganna voru hreinlega í gagnstæða átt. Stefnan var til suðvesturs og sker holan þar af leiðandi misgengi eða sprungu, sem sést á yfirborði við holu KG-3, vestan við holu KW-1 og sveigir síðan til austurs sunnan við holu KG-12 (mynd 1). Í kjölfar þessarra upplýsinga var ákveðið að halla- og stefnumæla fleiri holur sumarið eftir í tengslum við áformaðar skáboranir. Sumarið 1983 voru mældar holur KJ-7, KJ-11 og KJ-13. Ekki náðu mælingarnar í holum 7 og 11 lengra en niður á leiðara eða á um það bil 800 m dýpi. Þar neðan við var hallinn áætlaður útfrá fyrilliggjandi gögnum. Ekki var hægt að sjá neina reglu út úr mælingunum hvað varðar líklega stefnu holanna. M.a. kom í ljós að vægur halli holu KJ-13 til vesturs olli því að hún skar ekki Hveragilssprunguna eins og markmiðið var.

Einn mikilvægasti áfangi við áframhaldandi boranir fyrir Kröfluvirkjun hefur að álti allra, sem þar hafa komið við sögu, verið að endurvinna holu KG-10 eða bora aðra holu á sama borplani til að fá úr því skorið hvort kvikuáhrif í jarðhitavökvanum væru horfin. Eftir því sem árin liðu urðu menn því fráhverfir að endurvinna holu KG-10, en hölluðust frekar að því að reyna að bora nýja samsíða holu á sama borplani. Því var ákveðið að halla- og stefnumæla holuna áður en til borunar kæmi. Sumarið 1988 var holan mæld og var mælirinn kominn út fyrir sitt mælisvið ( $10^{\circ}$ ) á 800 m dýpi. Stefnan var mæld í stuttum óföðruðum kafla í holunni rétt neðan vinnsluföðringar, á 820 og 830 m dýpi, og sýndi halla til norðurs. Ef þessar niðurstöður varðandi stefnu og halla eru taldar vera fullnægjandi þá virðist holubotn geta verið allt að 500-600 m norðan við holutopp.

Af ofansögðu má ráða að mikilvægt er að stjórna bæði halla og stefnu hola ef þeim er fyrirfram ætlað að skera einhver ákveðin fyrribæri eins og sprungur eða misgengi. Því er full ástæða til þess að stefnumæla holur framvegis meðan verið er að bora þær, og þá áður en föðringar eru settar niður.

### 3. NÝTING ELDRI HOLA OG MANNVIRKJA

Yfirlit yfir hönnun og ástand Kröfluhola er að finna í töflu 1.

HOLA KW-1. Boruð 1974 með Glaum (Wabco) í 1138 m dýpi. Holan var í upphafi háþryst með lokunarþrýsting um 40 bar, en afköst voru rýr. Vinnslufóðringin er skemmd í um 45 m dýpi. Vinnslufóðringin er það grönn, að nánst útilokað er að gera við holuna og hvað þá að dýpka hana. Það væri heldur engan veginn skynsamlegt af öryggisástæðum, þar sem vinnslufóðringin er það stutt. Borplan þarf að stækka verulega til að hægt sé að koma Gufubor eða Jötni þar fyrir.

Holan verður að teljast ónýt. Af öryggisástæðum er æskilegt að setja sand í holuna og steypa hana síðan upp í topp. Viðeigandi væri síðan að merkja við holutoppinn nafn holunnar og bordýpi.

HOLA KW-2. Boruð 1974 með Glaum í 1204 m dýpi. Holan var í upphafi afkstamikil efrac-kerfishola, en stíflaðist fljótlega af kalsítútfellingu. Þann 5. júní 1987 var holan hitamæld og kom þá í ljós fóðringarskemmd á 60 m, sennilega tæringarskemmd. Ennfremur er fóðringin götött rétt neðan við aðalflans vegna tæringar. Holan telst vera ónýt og óvist hvort ástæða sé til að reyna að nýta borplanið sem þar er vegna smæðar þess.

Ráðlegt er að ganga frá holunni á sama hátt og holu KW-1.

HOLA KG-3. Boruð með Gufubor sumarið 1975 í 1740 m dýpi. Vinnslufóðring er í sundur á 75 m dýpi og var reynt að gera við holuna haustið 1976 en án árangurs. Sandur var settur í holuna frá 600 m upp í 100 m dýpi. Ráðlegt er að fylla holuna upp í topp af sandi og steypu. Borplanið var nýtt þegar hola KJ-3A var boruð haustið 1983.

Lagt er til að merkja holutoppinn á sambærilegan hátt og á holu KW-1 og KW-2.

HOLA KG-4. Boruð með Gufubor sumarið 1975 í 2002 m dýpi. Ekki tókst að hemja holuna eftir að borun lauk og stendur nú eftir hana mikill gígur sem minnisvarði um orkuna úr iðrum jarðar. Staðurinn hefur verið kallaður manna á meðal Sjálfsskaparvítí.

Gjarnan mætti koma upp skilti við gíginn, þar sem gerð er grein fyrir tilurð hans og þá um leið helstu upplýsingar um holuna.

HOLA KG-5. Boruð með Gufubor haustið 1975 í 1299 m dýpi. Ekki var lokið við hana á því herrans ári vegna skorts á öryggisbúnaði. Ári síðar, þegar ljúka átti við holuna, kom í ljós að sveigur var kominn á vinnslufóðringuna á 41 m dýpi og borstrengur komst ekki þar niður. Sumarið 1985 voru teknar myndir af fóðringarskemmdinni og sást þar greinilega einhvers konar gúlpur á fóðringunni inn í holuna.

Árið 1983 var ákveðið að nýta holuna inn á lágþrýstíprep virkjuanrinnar og var reynt að auka afköst hennar með því að skjóta göt á vinnslufóðringuna á 515 og 578 m dýpi eða á móts við þekktar æðar á bak við vinnslufóðringu. Ekki jukust afköstin við aðgerðina, en holan hefur verið í notkun af og til síðan. Sumarið 1988 var holan körfumæld með 4" körfu, sem fór niður á 1152 m dýpi. Eftir þá aðgerð var ljóst að aflleysi holunnar stafar ekki af útfellingum heldur tregu aðstreymi. Því er talið ástæðulaust að eiga frekar við hana, en hugsanlega má nýta borplanið síðar fyrir borun nýrrar holu.

HOLA KJ-6. Boruð með Jötni sumarið 1976 í 2000 m dýpi. Hún var alla tíð afllítill og var síðast í notkun veturni 1984/85. Holan hefur verið notuð sem eftirlitshola fyrir hita og þrýsting á Leirbotnasvæðinu.

*TAFLA 1. Borholur í Kröfлу*

| STEYPTAR FÓÐRINGAR |          |          |            |          |            |          |            |               |               |
|--------------------|----------|----------|------------|----------|------------|----------|------------|---------------|---------------|
| Hola nr.           | Borun ár | Dýpi (m) | Þverm. (") | Dýpi (m) | Þverm. (") | Dýpi (m) | Þverm. (") | Dýptarbil (m) |               |
| KW-1               | 1974     | 1138     | 14         | 79       | 8 3/4      | 296      | 6 5/8      | 285-1135      | Ónyt          |
| KW-2               | 1974     | 1204     | 14         | 80       | 8 3/4      | 298      | 6 5/8      | 284-1183      | Ónyt          |
| KG-3               | 1975     | 1740     | 13 3/8     | 114      | 9 5/8      | 604      | 7 5/8      | 584-1671      | Ónyt          |
| KJ-3A              | 1983     | 985      | 13 3/8     | 336      | Engin      | Enginn   | 9 5/8      | 302- 663      | Ónothæf       |
| KJ-3A              | 1984     |          |            |          |            |          |            | Enginn        | Ónyt          |
| KG-4               | 1975     | 2002     | 13 3/8     | 114      | 9 5/8      | 594      |            | Enginn        | Vinnsluhola   |
| KG-5               | 1975     | 1299     | 13 3/8     | 114      | 9 5/8      | 643      |            | Enginn        | Mælingahola   |
| KJ-6               | 1976     | 2000     | 13 3/8     | 142      | 9 5/8      | 576      | 7 5/8      | 491-1933      | Ónyt ?        |
| KJ-7               | 1976     | 2165     | 13 3/8     | 276      | 9 5/8      | 808      | 7 5/8      | 715-2101      |               |
| KJ-7               | 1977     |          |            |          | 7 7/8      | 187      |            |               |               |
| KJ-8               | 1976     | 1658     | 13 3/8     | 142      | 9 5/8      | 537      | 7 5/8      | 517-1646      | Ónyt          |
| KJ-9               | 1976     | 1101     | 13 3/8     | 275      | Engin      |          | 7 5/8      | 251-1100      |               |
| KJ-9               | 1977     | 1263     | - "        | - "      | 9 5/8      | 1074     | 7 5/8      | 1062-1259     |               |
| KJ-9               | 1982     | 1280     | - "        | - "      | - "        | - "      | 7 5/8      | 1063-1274     | Vinnsluhola   |
| KG-10              | 1976     | 2082     | 13 3/8     | 275      | 9 5/8      | 805      | 7 5/8      | 775-2060      | Mælingahola   |
| KJ-11              | 1976     | 2217     | 13 3/8     | 275      | 9 5/8      | 788      | 7 5/8      | 754-2194      |               |
| KJ-11              | 1978     | - "      | - "        | - "      | 7 5/8      | 766-1250 | 7 5/8      | 1290-2194     | Vinnsluhola   |
| KG-12              | 1978     | 2222     | 13 3/8     | 283      | 9 5/8      | 985      | 7 5/8      | 959-2220      | Vinnsluhola   |
| KJ-13              | 1980     | 2050     | 13 3/8     | 284      | 9 5/8      | 1064.5   | 7 5/8      | 1028-2037     |               |
| KJ-13              | 1983     | 1780     | - "        | - "      | - "        | - "      | 7 5/8      | 870-1706      | Vinnsluhola   |
| KJ-14              | 1980     | 2107     | 13 3/8     | 210      | 9 5/8      | 705      | 7          | 1527-2099     | Vinnsluhola   |
| KJ-15              | 1980     | 2097     | 13 3/8     | 295      | 9 5/8      | 1093     | 7          | 1054-2097     | Vinnsluhola   |
| KJ-16              | 1981     | 1981     | 13 3/8     | 206      | 9 5/8      | 669      | 7 5/8      | 624-1836      |               |
| KJ-16              | - "      | - "      | - "        | - "      | - "        | - "      | 7          | 1836-1951     | Mælingahola   |
| KJ-17              | 1981     | 2190     | 13 3/8     | 206      | 9 5/8      | 692      | 7 5/8      | 642-1964      | Vinnsluhola   |
| KJ-18              | 1981     | 2215     | 13 3/8     | 200      | 9 5/8      | 669      | Enginn     |               | Mælingahola   |
| KJ-19              | 1982     | 2150     | 13 3/8     | 200      | 9 5/8      | 649      | 7          | 495-2009      | Vinnsluhola   |
| KJ-20              | 1982     | 1823     | 13 3/8     | 211      | 9 5/8      | 646      | 7          | 604-1770      | Vinnsluhola   |
| KJ-21              | 1982     | 1200     | 13 3/8     | 286      | Engin      |          | 7          | 240-1170      |               |
| KJ-21              | 1984     | -"       | - "        | - "      | 9 5/8      | 273      | 9 5/8      | 273-1043      | Vinnsluhola   |
| KJ-22              | 1983     | 1877     | 13 3/8     | 155      | 9 5/8      | 565      | 7          | 522-1850      | Ekki í notkun |
| KJ-23              | 1983     | 1968     | 13 3/8     | 190.5    | 9 5/8      | 536      | Enginn     |               | Mælingahola   |
| KG-24              | 1400     | 1988     | 13 3/8     | 55       | 9 5/8      | 404.5    | 7          | 392-1195      | Vinnsluhola   |

(Benedikt Steingrímsson o.fl. 1984)

Meðan á borun holunnar stóð kom í ljós all mikill munur á jarðögum og eldri holum norðan við. Í framhaldi af því var sýnt fram á mikið VNV-ASA misgengi norðan við holu KJ-6. Lítil sem engin jarðhitavirkni er á stórum kafla sunnan brotsins.

Ekki er vitað hvort holunni hallar, en það verður að teljast sennilegt ef tekið er mið af öðrum holum á svæðinu, sem voru boraðar á sömu vertíð. Sömu aðferðir voru notaðar við borun holanna. Þar af leiðandi getur holubotninn verið út og suður. Mynd 3 sýnir afstöðu lóðréttar holu KJ-6 til Leirbotnasprungunar. Vel má teygja sig með skáborun í umrædda sprungu og skera hana á 1600-1800 m dýpi (mynd 3). Ennfremur eru stórar líkur á því að skera áðurnefnt VNV-ASA misgengi, en ekki er vitað hvort vatnsæðar tengjast því. Með þessu væri hægt að nýta öll mannvirki við holuna þar með talið gufulögningina. Það liggur samt í augum uppi að höggborsholan austan við skiljustöðina liggur betur við til að ná þessu markmiði.

Það sem mælir á móti endurvinnslu holu KJ-6 er hönnun holunnar. Vinnslufóðringin nær að eins niður á 576 m dýpi, sem þýðir að efrakerfið getur átt greiðan aðgang inn í holuna. Ennfremur þarf að byrja á því að skera ofan af raufaða leiðaranum og sveigja holuna neðan við vinnslufóðringu og eru það að vissu leyti áhættuaðgerðir.

Enn einn möguleiki er að stefnubora nýja holu á borplani KJ-6 og beina henni til norðausturs. Hvað sem því og öðru líður þá er forsenda allra borhugleiðinga við eða í holu KJ-6 að hallamæla hana fyrst.

HOLA KJ-7. Boruð með Jötni síðla sumars 1976 í 2156 m dýpi. Hún var sæmilega aflmikil fyrsta blástursárið, en síðan dró verulega úr afkostum. Fóðringarskemmd kom fram á 95 m dýpi strax á fyrsta ári. Gert var við hana sumarið 1977 með því að setja niður og steypa 7 5/8" fóðringu frá 187 m og upp í topp. Holan var óafvitandi boruð á ská á sínum tíma og er holubotninn talinn vera um 600 m ASA frá holutoppnum. Þannig skar holan Hveragilssprunguna og var það líklega ástæðan fyrir að hennar í upphafi og jafnframt ástæðan fyrir því að járn-brennisteinsútfellingar ollu afldvínun eftir stuttan blásturstíma.

Holan var halla- og stefnumæld í júlí 1983 niður á leiðara í 710 m dýpi. Á mynd 4 er teiknaður upp mældur halli og síðan áætlaður halli þar fyrir neðan. Holan hefur stöðugt dvínað í aðli á undanförnum árum og við upphleypingar eftir sumarhvíld hefur hún hent af sér grjóti. Það er staðfesting á því að fóðringar hafi skemmst.

Vegna þrengingarinnar efst í holunni er útilokað að endurvinna hana, en aftur á móti má nota borplanið til borunar ef ástæða þykir til.

HOLA KG-8. Boruð með Gufubor haustið 1976 í 1646 m dýpi. Holan tók vökva úr efri hluta Leirbotnasvæðisins og var aldrei tengd við gufuveituna vegna fjarlægðar. Fóðringarskemmd var í holunni á 185,5 m dýpi. Reynt var að gera við hana sumarið 1987, en það mistókst (Ásgrímur Guðmundsson 1987). Það kemur væntanlega til með að ráðast á næstu árum hvort borplanið verður notað fyrir nýja holu.

HOLA KJ-9. Byrjað var að bora holuna með Jötni í október 1976, en vegna ýmissa atvika var hún boruð í þremur áföngum og ekki lokið við hana fyrr en sumarið 1977 og var dýpið þá 1264 m. Um sumarið 1982 voru halla- og stefnumælingatæki til reiðu í Kröflu vegna skáborunar. Tækifæríð var notað og hola KJ-9 halla- og stefnumæld. Hún reyndist verulega skökk og stefnan í þveröfuga átt við það sem búist var við (mynd 5). Holan var endurunnin og dýpkud haustið 1982 og var dýpið þá 1280 m. Vegna kalsítútfellinga þarf að hreinsa holuna árlega. Holan er enn í vinnslu og ekki gert ráð fyrir neinum aðgerðum á henni í náinni framtíð. Prátt fyrir það getur vel komið til greina að staðsetja holu á borplani KJ-9 enda er hún vel í sveit sett til borunar inn í Hveragilið eða í sprunguna, sem fæðir KJ-9.

HOLA KG-10. Boruð með Gufubor haustið 1976 í 2002 m dýpi. Hún var afilmikil, en stíflaðist á fyrsta blástursmánuði. Ári síðar var holan hreinsuð og reyndist mjög afilmikil fyrsta blástursmánuðinn, en fljóttlega sigldi í fyrra horf og stíflaðist holan alveg af útfellingum. Annað sem olli áhyggjum var að um 80 m af leiðaranum voru horfnir. Sennilegasta skýringin þykir, að tærandi kvíkumengaður vöki hafi hreinlega étiohluta fóðringarinnar á móts við aðalæð holunnar og leiðarinn hafi síðan sigið um 80 m vegna eigin þunga. Seinna var mælitækjum rennt niður til að finna botn holunnar og stoppuðu þau í 870 m dýpi.

Lengi voru hugmyndir um að endurvinna holuna, þ.e. nýta það efni sem komið var í hana. Eftir því sem frá leið urðu menn því afhuga enda minnisstætt að um holuna hafði runnið mjög tærandi vöki og því óvist um ástand fóðringa. Kvikuáhrif hafa farið þverrandi og er talið sennilegt að jarðhitavökvinn við holu KG-10 sé orðinn nýtanlegur aftur. Þó ekki hafi verið ráðlegt að endurvinna holu KG-10 voru hugmyndir um að bora aðra holu á sama borplani sambærilega holum KG-4 og KG-10. Áður en að slíkum framkvæmdum kæmi, var ákveðið að kanna hvort holunni hallaði og ef svo væri þá hvert. Notaður var halla- og stefnumælir Orkustofnunar, sem er með seguláttavita og því ekki hægt að mæla stefnu inni í járnþóðringum. Hámark mælisviðsins var  $10^{\circ}$  og var hallinn kominn í það gildi á 600 m dýpi. Á 800 m dýpi var hallinn kominn yfir  $10^{\circ}$ , þ.e. út fyrir mælisvið hallamælisins. Á 805-855 m dýpi er ófóðraður kafli og þar var hægt að nota áttavitann og mældist hallstefnan beint í norður (Guðjón Guðmundsson og Hilmar Sigvaldason 1988). Á mynd 6 er reynt að áætla hallann miðað við gefnar forsendur. Þær eru þekktur halli á 400 og 600 m, lágmarksgildi á 800 m og gert ráð fyrir hallauppbryggjandi streng.

Þessar niðurstöður kollvarpa að svo stöddu hugmyndum um nýtingu borplans holu KG-10, þar sem botn holunnar er að öllum líkindum vel norðan við Sjálfskaparvítis (KG-4). Það þýðir að ekki er vissa fyrir því að hitta í gjöfulustu æðarnar, sem hola KG-10 skar, nema að vera nokkurn vegginn á móts við botn holunnar og bora beina holu niður.

HOLA KJ-11. Boruð með Jötni síðla árs 1976 í 2217 m dýpi. Að svo stöddu hníga fá rök að því að endurvinna holuna. Eins og áður hefur verið getið, var holan halla- og stefnumæld sumarið 1983. Mynd 7 sýnir mælda hlutann niður í 1200 m dýpi og áætlaðan halla þar fyrir neðan. Holubotninn er áætlaður um 300 m suðaustan við holutoppinn. Ef haft er í huga að eðlileg fjarlægð milli vinnsluhola á Kröflusvæðinu er 250-300 m svo þær steli ekki hver frá annarri, þá kemur vel til greina að bora beina holu á borplani KJ-11.

Í ágúst 1988 var boruð með Gufubor 1400 m djúp hola, sem var áætlað að endurtaka efri hluta KJ-11. Holan hlaut nafnið KG-24 og tókst vel til með hana miðað við gefnar forsendur. Þar var notað gamalt borplan og lagnir sem eru tengdar við gufuveituna.

HOLA KG-12. Boruð með Gufubor haustið 1978 í 2222 m dýpi og er hún dýpstá holan í Kröflu. Frá því að holunni var hleypt í blástur hefur hún verið afllitil. Vel kæmi til greina að endurvinna hana á svipaðan hátt og hola KJ-13 var endurunnið sumarið 1983. Þar er um að ræða nýtingu á borplani, holutoppi og vinnslufóðringu ásamt gufulögn.

Mikilvægar upplýsingar um halla, jarðlög og vatnsæðar eru til frá því hola KG-12 var boruð, en hvert holunni hallar er ekki vitað um. Í töflu 2 eru allar hallamælingar úr holunni og reiknað út hámarksfrávik frá 16ðréttu. Á mynd 8 eru sýndar hallabreytingar með dýpi.

*TAFLA 2. Hallamælingar úr holu KG-12*

| Dýpi<br>m | ΔDýpi<br>m | Halli<br>í ° | Frávik frá lóðr.<br>m | Heildarfrávik<br>m |
|-----------|------------|--------------|-----------------------|--------------------|
| 145       | 145        | 1.0          | 2.5                   | 2.5                |
| 310       | 165        | 2.1          | 6.0                   | 8.6                |
| 350       | 40         | 2.2          | 1.5                   | 10.1               |
| 417       | 67         | 2.0          | 2.3                   | 12.4               |
| 465       | 48         | 2.3          | 1.9                   | 14.4               |
| 562       | 97         | 2.3          | 3.9                   | 18.3               |
| 620       | 58         | 3.0          | 3.0                   | 21.3               |
| 710       | 90         | 3.1          | 4.9                   | 26.2               |
| 775       | 65         | 3.2          | 3.6                   | 29.8               |
| 865       | 90         | 3.1          | 4.9                   | 34.7               |
| 920       | 55         | 2.8          | 2.7                   | 37.3               |
| 1020      | 100        | 4.0          | 7.0                   | 44.3               |
| 1090      | 70         | 3.8          | 4.6                   | 49.0               |
| 1160      | 70         | 4.0          | 4.9                   | 53.8               |
| 1260      | 100        | 3.9          | 6.8                   | 60.3               |
| 1360      | 100        | 4.1          | 7.1                   | 67.8               |
| 1460      | 100        | 5.9          | 10.2                  | 78.1               |
| 1520      | 60         | 5.5          | 5.7                   | 83.8               |
| 1620      | 100        | 5.5          | 9.6                   | 93.4               |
| 1720      | 100        | 6.1          | 10.6                  | 104                |
| 1830      | 110        | 6.1          | 11.7                  | 115.7              |
| 1930      | 100        | 6.9          | 12.0                  | 127.7              |
| 2030      | 100        | 5.4          | 9.4                   | 137.1              |
| 2222      | 192        | 5.5          | 18.4                  | 155.5              |

Ekki var gengið frá lokaskýrslu um holu KG-12, en flest öll gögn þar að lútandi eru til s.s. bordagbækur, jarðlagamælingar, jarðlaga- og ummyndunarsnið. Ástæða er til að vinna úr þessum gögnum sem fyrst, og hjálpar það vafalaust til við undirbúning fyrir endurvinnslu holunnar.

Líklegast verður stefnan tekin á Hveragilið við endurvinnslu holunnar enda búist þar við bestum árangri.

**HOLA KJ-13.** Boruð með Jötni sumarið 1980 í 2050 m dýpi. Holan var afkastalítil strax eftir upphleypingu og var því endurunnið sumarið 1983 á þann hátt að skábora út úr vinnsluföldingunni á um 880 m dýpi til austurs. Markmiðið var að skera Hveragilssprunguna, sem er ein aðaluppstreymisrásin á Kröflusvæðinu. Mynd 9 sýnir afstöðu gömlu holu 13, endurunnu holunnar og svo Hveragilssprungunnar.

Ef til vill má nota borplanið síðar meir til áframhaldandi skáborana.

**HOLA KJ-14.** Boruð með Jötni sumarið 1980 í 2107 m dýpi. Hún er ein aflmesta hola virkjunarinnar og ekkert sem bendir til þess að svo stöddu að borað verði á því borplani á næstu árum.

**HOLA KJ-15.** Boruð með Jötni síðla árs 1980 í 2150 m dýpi. Holan hefur alla tíð verið afllítil og gasrík. Vegna mikils gasstyrks hefur holan lítið verið notuð til orkuframleiðslu. Hún er vel fallin til endurvinnslu á svipaðan hátt og hola KJ-13. Holan var hallamæld niður í 1000 m dýpi meðan á borun stóð og eru mælingarnar sýndar í töflu 3, en þar er jafnframt reiknað út há-

marksfrávik holunnar frá lóðréttu.

*TAFLA 3. Hallamælingar í KJ-15*

| Dýpi<br>m | ΔDýpi<br>m | Halli<br>í ° | Frávik frá lóðr.<br>m | Heildarfrávik<br>m |
|-----------|------------|--------------|-----------------------|--------------------|
| 100       | 100        | 0.2          | 0.3                   | 0.3                |
| 400       | 300        | 1.0          | 5.2                   | 5.6                |
| 600       | 200        | 1.8          | 6.3                   | 11.9               |
| 800       | 200        | 1.7          | 5.9                   | 17.8               |
| 1000      | 200        | 2.0          | 7.0                   | 24.8               |

Mynd 10 sýnir halla holunnar og afstöðu hennar til Hveragils.

Engin skýrsla var rituð eftir borun holunnar en gögn frá borun hennar eru öll fyrir hendi og er úrvinnsla þeirra langt á veg kominn. Það er tiltölulega lítið verk að fullvinna þau.

HOLA KJ-16. Boruð með Jötni sumarið 1981 niður á 1981 m dýpi. Erfiðlega gekk að halda holunni inn á veitu í rekstri með öðrum Suðurhlíðaholum. Holan hefur því verið lokað frá 1985 og verið notuð síðan til eftirlits með hita og þrýstingi í Suðurhlíðum. Ekki er æskilegt að eiga nokkuð við holuna eða bora nýja holu í borplanið.

HOLA KJ-17. Boruð með Jötni sumarið 1981 í 2190 m dýpi. Holan var pökkuð á sínum tíma og er eina háhitaholan hér á landi sem pakkari hefur verið notaður í til örvunar. Pakkarinn var staðsettur á rúmlega 1400 m dýpi og dælt undir hann. Árangur aðgerðarinnar reyndist enginn, holan var nánast þétt neðan við 1400 m dýpi. Í rekstri hefur holan verið nokkuð sveiflukennd, þ.e.a.s. að toppþrýstingur hefur verið breytilegur og hafa sveiflurnar verið nokkuð reglulegar. Afköst holunnar hafa verið í meðallagi fyrir Kröfluholur. Hugsanlega má reyna að örva holuna með því að skábora út úr henni í vinnsluhlutanum fyrir neðan neðstu að og bora niður á um 2000 m dýpi.

HOLA KJ-18. Boruð með Jötni seinni hluta árs 1981 niður á 2215 m dýpi. Hún var nánast alveg þétt í borun og ekki var talin ástæða til að setja í holuna raufaðan leiðara. Hún er austan við Suðurhlíðasvæðið og talsvert kaldari en Suðurhlíðaholur. Útilokað er að nýta holuna til gufuframleiðslu. Holan hefur verið notuð sem mælingahola til að fylgjast með hita- og þrýstibreytingum austan vinnslusvæðisins í Suðurhlíðum.

HOLA KJ-19. Boruð með Jötni vorið 1982 niður á 2150 m dýpi. Hún er ein afkastamesta hola virkjunarinnar og ekki sýnilegt að í náinni framtíð verði breyting þar á. Að öllu óbreyttu er óskynsamlegt að krukka nokkuð í holuna.

Hins vegar kemur vel til greina að skábora af borplaninu í vesturhlíðar Kröflu og hefur til að mynda verið undirbúin ein slík borun með höggþorsholu og steyptum kjallara fáeina metra norðan við KJ-19.

HOLA KJ-20. Boruð með Jötni sumarið 1982 í 1823 m dýpi. Hún er fyrsta vísvitandi stefnuboraða holan hér á landi. Afköst hennar eru yfir meðallag Kröfluhola og ekki gert ráð fyrir að neitt verði átt við holuna nema eithvað óvænt komi upp á.

Vel kemur til greina síðar meir að bora beina holu niður á sama borplani við hlið holu KJ-20.

HOLA KJ-21. Boruð með Jötni haustið 1982 í 1200 m dýpi. Gert var ráð fyrir að bora hana í tveimur áföngum. Vegna mikilla afkast var ekki reynt að dýpka holuna frekar heldur var lokið

við að ganga frá henni á endanlegan hátt vorið 1984. Ekki verður neitt átt við holuna, nema eitthvað óvænt komi upp á.

HOLA KJ-22. Boruð með Jötni snemma sumars 1983 í 1877 m dýpi. Hún er önnur holan hér á landi sem er stefnuboruð. Holan er tengd tveim vatnskerfum þ.e. efra kerfi sem er 240 -260 °C heitt og nær niður í 900 m dýpi, og svo neðra kerfi sem er 180 °C heitt. Holan hefur verið erfið í rekstri og því lítið verið nýtt. Áform voru um að steypa í neðri hluta holunnar til þess að auka rekstraröryggi hennar, en öllu þar að lútandi hefur verið frestað þar til betri vitneskja liggur fyrir um vinnslugetu Hvíthólasvæðisins.

HOLA KJ-23. Boruð með Jötni síðla sumars 1983 niður á 1968 m dýpi. Vegna lélegrar leiðni var ekki ástæða til að setja leiðara í holuna og hefur henni enn sem komið er ekki verið hleypt upp. Ekki er að svo stöddu nein ástæða til að reyna þar endurvinnslu holunnar t.d. með skáborun, þar sem ekki er talið æskilegt að auka vinnslu úr Hvíthólasvæðinu.

HOLA KJ-3A. Boruð með Jötni haustið 1983 í 985 m dýpi. Holunni var ætlað að vinna úr efri hluta Leirbotna. Í sparnaðarskyni var holan látin vera leiðaralaus. Miklar þrýstisveiflur komu strax fram í rekstri holunnar og hafa þær líklega leitt til þess að holan hrundi saman. Sumarið 1984 reyndi Narfi að hreinsa hrunið og koma fyrir leiðara. Aðgerðin heppnaðist ekki eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Leiðarinn var settur niður og láttinn standa á hruntappanum og ná upp í vinnslufóðringu. Hann seig síðar niður í holuna og er efri hluti hans nú á 423 m dýpi, en neðri hluti vinnslufóðringar er á 329 m dýpi. Þannig er tæplega 100 m kafli neðan vinnslufóðringar ófóðraður, en þar neðan við er leiðarinn grafinn í hruni.

Á mynd 11 er sýnd afstaða fóðringa og þess kafla sem er ófóðraður.

Möguleiki er á að skábora út úr holunni og bora niður í neðri hluta svæðisins, sem þýðir að koma þarf fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu niður á 1000-1100 m dýpi.

HOLA KJ-24. Boruð með Gufubor í ágústmánuði 1988 niður á 1400 m dýpi. Henni var ætlað að vinna vöks úr efri hluta Leirbotna sem hún og gerir. Holan var boruð á borplani holu KJ-11 og nýtir þar af leiðandi þau mannvirkir sem voru þar fyrir, þar með talið gufuveituna.

Auk þess sem hér hefur verið talið upp eru fyrirliggjandi þrjár höggborsholur ásamt borplani og kjallara. Þær eru misjafnlega í sveit settar:

Vestan við Rauðhól. Holan er mjög nálægt virka sprungusveimnum, sem bendir til þess að djúpt geti verið niður í neðra kerfið. Það vill segja að fóðra þurfi dýpra en áður hefur verið gert og getur. Rétt er að bíða enn um sinn með að bora holu á þessu svæði.

Austan við skiljustöð. Holan er á sléttunni milli KG-12 og skiljustöðvar, um 280 m norðaustan við holu KJ-6. Erfitt er að skera ákvæðið úr um hvort holan sé líkleg til að hitta á góðar æðar. Beggja megin við hana eru afkastalitlar holur, en í rúmlega 100 m fjarlægð er svokölluð Leirbotnasprunga. Fyrirliggjandi rannsóknir gefa til kynna að sprungunni halli í áttina að höggborsholunni, og mætti stýra borun holu af þessu plani þannig að farið yrði í gegnum sprunguna.

Á borplani KJ-19. Þar var höggborað og steyptur kjallari. Undirbúningi er lokið fyrir skáborun inn í vesturhlíðar Kröflu. Gert er ráð fyrir að staðið verði eins að borun og gert var við holu KJ-20. Rétt er að bíða eftir niðurstöðum borana úr Vítismóum áður en leitað verður inn í vesturhlíðar Kröflu.

#### 4. ENDURVINNSLUADFERÐIR

Í kaflanum hér á undan hefur verið rakið hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að nýta til hins ýtrasta þau mannvirki sem reist hafa verið á undanfönum árum vegna gufuöflunar í Kröflu. Öll borplón eru í sjálfa sér nýtanleg til áframhaldandi borunar ef viðkomandi bor rúmast þar. Það er engan veginn sjálfgefið, að nýta gamalt vannýtt mannvirki eingöngu vegna þess, að það sé til. Við áframhaldandi uppbyggingu Kröfluvirkjunar ber að leggja til grundvallar þá þekkingu sem liggar fyrir og viðbótarþekkingu sem aflað verður frekar en að einblína á fyrirliggjandi mannvirkni. Þegar saman fellur vænlegur staður til borunar og eldri borplón eða holur, sem skynsamlegt þykir að endurnýta, þá er eðlilegt að bera saman hvort er hagkvæmara að endurvinna eða bora nýja holu. Vitað er um árangur allra eldri hola í Kröflu, sem hafa úrelst eða skemmst, og þá um leið hvort ástæða sé til endurvinnslu eða borunar holu á sama stað.

Flokka má vænlegustu möguleikana til gufuöflunar í Kröflu útfrá núverandi vitneskju. Það má í eðli sínu búa til margs konar flokkun og verkefnaröðun. Hér á eftir eru mögulegir kostir taldir upp miðað við núverandi tækjabúnað Jarðboranna h/f, en þeir eru einu aðilar ní eins og er sem ráða við svo umfangsmikil verkefni sem 2000 m háhitaborholur:

- Bein hola hjá KG-10
- Bein hola hjá KJ-11
- Bein hola hjá KG-8
- Bein hola hjá KJ-7
- Bora hola hjá KJ-20

Aðrir kostir gera ráð fyrir ská- og stefnuborunartækjum og auka kostnað sem því nemur. Þar á móti kemur notkun á vannýttum mannvirkjum og meiri líkur á afkastagóðum holum. Fyrst ber að nefna tillögur um þær holur sem nýta borplan, holutopp og fóðringar:

- Skáborun út úr holu KG-12 með stefnu á Hveragilið.
- Skáborun út úr holu KG-15 með stefnu á Hveragilið.
- Skáborun út úr holu KJ-3A með stefnu á Leirbotnasprunguna.
- Skáborun út úr holu KJ-6 með stefnu á Leirbotnasprunguna.
- Skáborun út úr holu KJ-17 með VNV-stefnu út í Grænagil.

Víðast hvar má nota borplón til skáborunar. Spurningin er eingöngu sú hvort þau liggja vel við álitlegum möguleikum til árangurs. Nú eru fyrir hendi nokkuð góðar upplýsingar um meginuppstreymissvæðin í Kröflu og hvar og í hvað er eftirsóknarvert að bora. Til dæmis Hveragil, Leirbotnasprungan, granófyrinnskot á 1800-2100 m dýpi undir Vítismóum og Hvíthólar. Ef til vill eiga eftir að koma fram fleiri álitlegir kostir með áframhaldandi rannsóknum og borunum.

## 5. MASSATAKA ÚR VINNSLUSVÆÐUNUM

Hér á undan hefur verið rakið hvernig endurnýta má eldri mannvirki. Áður en farið er út í slíkar framkvæmdir þarf hins vegar að skoða hvort viðkomandi vinnslusvæði leyfi frekari massatöku.

Hvíthólasvæðið er minnst vinnslusvæðanna í Kröfli. Heildar massatakan úr svæðinu er um 40 kg/s og þar af fást 14-20 kg/s af háþrystigufu. Ekki liggja fyrir neinar nákvæmar vinnsluspár um svæðið, en flest bendir til þess að það sé nú þegar fullnýtt og því ekki ástæða til að hugleiða þar frekari boranir í bráð.

Suðurhlíðar Kröfli eru taldar geta staðið undir 15-20 MW vinnslu. Massatakan þar er um 53 kg/s og þar af um 30 kg/s af háþrystigufu. Því lætur nærrí að svæðið sé fullnýtt. Ef til vill má bæta þar líttlega við massatöku með viðgerð á holu KJ-17, en tæplega verður farið út í nýboranir eða endurvinnslu borholu í Suðurhlíðum nema einhver núverandi vinnsluhola heltist úr lestinni. Þó getur verið mikilvægt að eiga þar eina varaholu til að hvila hinum sem eru annars í stöðugri notkun yfir rekstrartímabilið.

Leirbotnasvæðið er vannýtt og eru því allar hugmyndir um endurvinnslu þar í góðu lagi, bæði hvað varðar háþrystigufu neðan við 1000 m dýpi svo og lágþrystigufu á 400-1000 m dýpi. Upphaflega var gert ráð fyrir að Leirbotnasvæðið (þar með talið Vítismóar) eitt og sér stæði undir 60 MW virkjun. Það gæti þytt um 200 - 300 kg/s í heildarstreymi, sem gæfi 110-130 kg/s í háþrystigufu. Svæðið reyndist vera flóknara en upphaflega var ráð gert fyrir, sem felst í skiptingu þess í efri og neðri hluta eftir eðliseiginleikum (hita og þrýstingi). Nú eru tekin úr neðri hlutanum rúmlega 47 kg/s, sem gefa af sér tæplega 21 kg/s af háþrystigufu. Úr efri hlutanum er heildarmassataka um 56 kg/s. Ef þessar tölur eru eingöngu hafðar til hliðsjónar þá er ljóst að auka má við massatöku án þess að ganga of nærrí svæðinu. Þetta er einnig í samræmi við líkanreikninga sem gerðir voru á árunum 1981-82 (G.S. Böðvarsson o.fl. 1984).

## 6. LOKAORÐ

Af framansögðu er ljóst að ýmsir möguleikar eru á því að endurnýta í Kröfli eldri borholur og mannvirki þeim tengdum. Að svo stöddu er rétt að líta fyrst og fremst til Leirbotnasvæðisins (þ.m.t. Vítismóa). Í fyrstu ætti að leggja megináherslu á boranir í Vítismóum, en fyrr eða síðar mun koma að því að borað verður inn á núverandi vinnsluhluta Leirbotnasvæðisins. Rétt er því að gera kostnaðarsamanburð á endurvinnslu hola á Leirbotnasvæðinu og borun nýrra hola í sama svæði.

## HEIMILDIR

Ásgrímur Guðmundsson 1987: *Viðgerð á holu KG-8, 17.- 25. júní 1987.* Orkustofnun, Greinargerð OS-JHD ÁsG-87/07, 8 s.


Ásgrímur Guðmundsson 1989: *Gufuöflun fyrir Kröfluvirkjun.* Orkustofnun, OS-88033/JHD-17 B, 44 s.

Benedikt Steingrímsson, Ásgrímur Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson og Halldór Ármannsson 1984: *Gufuöflun í Kröfli 1974-1984.* Orkustofnun, OS-84086/JHD-38 B, 28 s.


G.S. Böðvarsson, Pruess, K., V. Stefánsson og E.T. Elíasson 1984: The Krafla geothermal field in Iceland. 3. The generating capacity of the field. *Water Res. Res.*, 20: 1545-1559.

Guðjón Guðmundsson og Ásgrímur Guðmundsson 1984: *Halla- og stefnumælingar í borholmum.* Hrafnabjög um stöðu Kröfluvirkjunar haldið 1. og 2. nóvember 1984, 11 s.


Guðjón Guðmundsson og Hilmar Sigvaldason 1988: *Krafla hola KG-10 - Mælingar í ágúst 1988.* Orkustofnun, Greinargerð OS-JHD GjG-HS-88/02, 4 s.




MYND 1. Leirbotnar - frávik holu á 1000 m dýpi miðað við holutopp




MYND 2. Leirbotnar - frávik holubotns miðað við holutopp




MYND 3. Afstaða holu KJ-6 til Leirbotnasprungunnar




MYND 4. Afstaða holu KJ-7 til Hveragilssprungunnar




MYND 5. Stefna holu KJ-9




MYND 6. Halli holu KG-10




MYND 7. Afstaða holu KJ-11 til Leirbotnasprungunnar




MYND 8. Fjarlægð holu KG-12 frá lóðréttu



MYND 9. Afstaða hola KJ-13 og KJ-13b til Hveragils



MYND 10. Möguleg fjarlægð KJ-15 frá Hveragili



MYND 11. Fóðringar í holu KJ-3A